



Reitir fasteignafélag hf.  
Kringlan 4-12  
103 Reykjavík

29. júní 2020

## **Staðfesting á að Reitir standist fjárhagslegar kvaðir í veðhafasamkomulagi**

Vísað er til veðhafasamkomulags vegna almenna tryggingafyrirkomulagsins (e. Security Sharing Agreement) frá 21. nóvember 2014, milli okkar sem veðgæsluaðila (e. Security Agent) ásamt Íslögum ehf., Reita fasteignafélags hf. sem lántaka (e. Borrower), dótturfélaga Reita sem ábyrgðaraðila (e. Obligors) og lánveitenda (e. Creditors) eins og þeir birtast í lista 1 við veðhafasamkomulagið á hverjum tíma.

Í skírteini (e. Compliance Certificate) útgefnu af lántaka dags. 29. júní 2020 kemur fram staða fjárhagslegra kvaða og yfirlýsing um rekstrarhæfi félagsins, hér eftir vísað til sem „skírteini 29. júní 2020“.

Við höfum farið yfir og metið upplýsingar sem voru afhentar samhliða skírteini 29. júní 2020 og sent fyrirspurnir, í þeim tilfellum sem það hefur átt við að okkar mati, á fulltrúa lántaka. Niðurstaða óháðrar yfirferðar okkar er að miðað við 31.3.2020 var staða viðkomandi fjárhagslegrar kvaðar eftirfarandi:

<b>Fjárhagsleg kvöð</b>		<b>Kvöð</b>	<b>Niðurstaða útreiknings</b>	<b>Skilyrði staðist</b>
Loan to Value Ratio:	Veðtryggðar skuldir undir tryggingafyrirkomulagi deilt með veðsettum eignum	Aldrei yfir 70%	61,5 %	Já

**PwC staðfestir hér með að Reitir standist fjárhagslega kvöð í veðhafasamkomulaginu vegna almenna tryggingafyrirkomulagsins miðað við dagsetninguna 31. mars 2020.**

Fyrir hönd PwC sem veðgæsluaðila,

Sigurður Óli Sigurðarson  
sigurdur.sigurdarson@pwc.com